



## 317. fundur Afrekssjóðs ÍSí 12. ágúst 2024 kl. 15.30

### Mætt:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE) á Teams, Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

### 1. Úthlutun 2025

Umræða fór fram um tímalínu vegna umsóknarferlis úthlutunar fyrir árið 2025. Samþykkt var að stefna að eftirfarandi tímalínu:

- 29. ágúst Kynningarfundur með sérsamböndum
- 3. sept. Umsóknarferli hafið. Umsóknarblöð send til sérsambanda
- Sept. Fundir með sérsamböndum sem eftir því óska
- 1. okt. Umsóknarferli lýkur
- Okt. Vinnsla umsókna
- 14. nóv. Staðfesting ASJ á úthlutun
- 21. nóv. Staðfesting framkvæmdastjórnar á úthlutun

Rædd var væntanleg fjárhæð til úthlutunar. Ekki liggur fyrir hvaða fjárhæð stjórnvöld muni leggja til sjóðsins en væntingar standa til að um töluverða hækkun frá fyrra ári verði að ræða. Ákveðið var að miða úthlutun við 500mkr. Tekin verður ákvörðun um úthlutun á viðbótarfjármagni þegar það liggur fyrir.

Ræddur var vilji stjórnarfólks til að hitta forsvarsmenn sérsambanda oftar auk aukins samtals við afrekssvið. KSR undirbýr það.

Rætt var um árangurskvarða og viðmið ársins. Kvarðinn er óbreyttur frá fyrra ári og viðmiðin lítillega breytt. Bætt var inn styrkpáttum vegna menntunar þjálfara og dómara líkt og áður hafði verið en fellt út á síðasta ári.

**Voru árangurskvarði og viðmið ársins 2025 samþykkt.**

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur verði í lok ágúst fyrir kynningarfund með sérsamböndum á Teams.

Fundi slitið kl. 17.08